E F N I

LESBÓK

MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvin Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.



Forsíðan

Í dag opnar Sæmundur Valdemarsson myndhöggvari sýningu á tréskúlptúr á Kjarvalsstöðum. Sæmundur er upprunninn af Barðaströnd, en vann lengst af í áburðarverksmiðjunni. Hann fór ekki að fást við myndir fyrr en á fullorðinsárum og fyrir alvöru eftir að hann komst á eftirlaunaaldur. Honum hefur þó tekizt að marka sér bás með stíl, sem er hans eigin og telst meðal næfista í myndlist. Myndin á forsíðunni heitir „Vorvindur" og er eins og aðrar myndir Sæmundar skorin í rekavið, en úr blönduðum efnum að auki.

Ljósm.Lesbók/Börkur.

Tónskáldið

Jón Leifs er enn til umfjöllunar í síðari hluta ritgerðarinnar um hann úr sænska tímaritinu Tonfallet. Fyrirsögnin: Niðurlægður í Þýzkalandi - ásakaður heima - segir eitthvað um það ótrúlega mótlæti, sem Jón varð fyrir og ekki var það sízt dauði ungrar dóttur hans, sem hann tók sér nærri.





Tæknin

mun taka framförum á næstu árum og ný hjálpartæki og þægindi eru í sjónmáli. Lífefnatækninni fleygir fram og verður m.a. hægt að framleiða kólesterólfrítt kjöt. Vélmenni munu í auknum mæli annast ýmis leiðinleg störf, einkaþyrlur eru ekki fjarlægur draumur og ofursjónvarp er nær en við höldum með myndgæði á við kvikmyndir.

STEINGRÍMUR THORSTEINSSON

Hvar eru fuglar þeir á sumri sungu?

Hvar eru fuglar þeir á sumri sungu?
Þeir suður flugu brimótt yfir höf.
Hvar eru blómin sæl frá sumri ungu?
Und snjónum hvíla þau í vetrar gröf.

Hvað er nú söngva? vindgnýr hærri og hærri
Um hvítnað land, en þung með drunu-hljóð,
Þar þögull sjófugl þyrpist brimströnd nærri,
Hinn þrúðgi gýmir kveður stirðan óð.

Hvað er nú blóma? helblóm hörku viður,
Sem hrímhvít skarta frosnum rúðum á,
Og geislablóm, sem glitar máni niður
Á glerskyggð blásvell vetrarheiði frá.

Nei, sönglíf, blómlíf finnst nú aðeins inni,
Þar andinn góður býr sér sumar til
Með söng og sögu, kærleik, vina-kynni
Á kuldatíð, við arin-blossans yl.

Svo dvelji söngfugl hver einn fyrir handan
Og hylji fönnin blómið hvert, sem dó;
Vér eigum sumar innra fyrir andann,
Þá ytra herðir frost og kyngir snjó.

R A B B

Tyllidagatrú

Sunnudaginn 2. september var beðið fyrir friði í kirkjum landsins samkvæmt tilmælum frá biskupi Íslands. Einkum og sér í lagi var sameinast í bæn um að friður kæmist á við Persaflóa. Þetta var nokkuð rætt í fjölmiðlum og sú vandræðalega staða kom upp að einhver áhugamannahópur um betra mannlíf sem kallar sig „jákvætt átak" virtist ætla að þakka sér hugmyndina að þessari þjóðarbænastund. Það var auðvitað leiðrétt með það sama, áhugamannahópurinn sýndi kristilega iðrun og viðurkenndi sekt sína og klaufaskap og maður þakkaði sínumsæla fyrir að bænastundin skyldi ekki hefjast með deilum um höfundarrétt á hugmyndinni.

Kannski var þetta sérstaklega vandræðalegt með tilliti til þess að innan kirkjunnar er verið að fjalla um viðbrögð gegn margvíslegum villuljósum sem meðal annars birtast í alls kyns „jákvæðum átökum" og ekki eru sprottin úr kristinni hefð.

Ef mig misminnir ekki, beitti sr. Sigurbjörn Einarsson biskup sér fyrir því að menn sameinuðust í bæn í öllum kirkjum landsins meðan á Vestmannaeyjagosinu stóð. Mikið lá við að hraunið eyðileggði ekki höfnina og byggðina þar í kring. Almættið var beðið um að stöðva hraunstrauminn og varð við þeirri bæn með þeim hætti að manni skilst að höfnin sé betri nú en áður ef eitthvað er. Vatnsdælurnar fengu lof og prís, en eina röddin sem heyrðist um að þarna hefði skaparinn verið að verki og því til einhvers beðið, var Finnbjörn Hjartarson. Ég man eftir grein í Morgunblaðinu, þar sem hann benti þjóðinni á að hún ætti eldbiskup.

Ég held að þetta hafi þótt dálítið djarft hjá Finnbirni. Það er gott og blessað að taka þátt í opinberu bænahaldi og vera í samfélagi heilagra um stund, en allt að því einfeldningslegt að trúa því að bænum sé svarað. Svoleiðis gerist ekki í nútíma þjóðfélagi. Aftur á móti má vel trúa því að Jón Steingrímsson eldprestur, hafi verið svona bænheitur, því það er svo langt síðan hann var uppi. Sama máli gegnir um það sem fólk hefur kosið að kalla kraftaverk, af því það skilur ekki hvað er að verki. Þau eiga heima í hinni helgu bók, en eru boðflennur og hindurvitni í nútímanum.

Stundum er sagt um kristindóminn á Vesturlöndum að fólk leiði tæpast hugann að honum, þótt það sé bæði skírt og fermt, nema á helgidögum. Þetta sé einskonr tyllidagatrú. Aftur á móti setji önnur austræn trúarbrögð svip sinn á allt daglegt líf þeirra sem þau aðhyllast. Eitthvað kann að vera til í þessu, en ekki er allt sem sýnist. Þótt trúin á Múhameð og Búddha virðist ofin inn í viðhorf fólks og daglega hegðun og sé iðkuð skipulega, er eins víst að það sé oft vani og félagslegt umhverfi sem stjórnar því fremur en trúhneigð. Eins er með kristindóminn. Þótt kristnir menn kasti sér ekki á hné í tíma og ótíma hvar sem þeir eru staddir og séu ekki sífellt með guðsorð á vörum, er kirkjan samofin þjóðfélaginu umhverfis okkur og hefur áhrif á líf okkar og hegðun frá vöggu til grafar án þess að við veitum því endilega athygli. Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því að afstaða okkar til lífsins og viðhorf til mála séu kristileg viðhorf. Margt í kristinni siðfræði er svo samgróið okkur að við teljum það vera algilt lögmál sem allir aðhyllist. En því fer fjarri.

Þegar kirkjan vill fara að smala til sín sauðunum sem hún telur vera að villast, hlýtur hún að spyrja sig hvort hún hafi vanrækt að brynna þeim þegar þá þyrsti. Eða hvort henni hafi einhverra hluta vegna ekki tekist að svala hinum andlega þorsta. Sé svo, hlýtur hún að leita nýrra leiða til að túlka fögnuðinn í fagnaðarerindinu svo að hann skiljist. Vonandi fellur hún ekki í þá gryfju að varða þá leið fordæmingu og hleypidómum.

Sumt af því sem fólk er að fást við í dag í andlegri leit sinni mun augljóslega ganga yfir. Þetta er fikt eða æfingar sem eru í tísku og fólk mun fá nóg af innan tíðar og snúa sér að öðru. Annað er aftur á móti djúp alvara og getur vel endað innan kirkjunnar þegar augu fólks opnast fyrir því að það sé að fara yfir lækinn að sækja vatn — ef kirkjan er þá tilbúin með réttu svörin, eða öllu heldur réttu viðbrögðin.

Eitt af því sem nútíma fólk leitar eftir er iðkun. Ekki fyrirlestrar úr predikunarstólum, heldur iðkun. Ekki með tilstandi og tilfæringum, heldur í kyrrð og einingu. Þetta fólk segir að hugleiðsla eða hugarkyrrð sé að hlusta á guð, en bænin sé að tala við guð. Ef hægt er að sættast á þessa skilgreiningu, þá spyr maður: Hvers vegna er ekki bæði hlustað á guð og talað við hann í kirkjum landsins?

Það eina sem er athugavert við að sameinast í bæn fyrir friði við Persaflóa í öllum kirkjum á sama tíma, er að það skuli vera svona fréttnæmt. Furðulegast er kannski að það skuli ekki vera gert á hverjum einasta degi. Hvers vegna brýst ekki kirkjan út úr þessari tyllidagaiðkun og verður hvunndagskirkja? Hvers vegna eru ekki allar kirkjur opnaðar klukkan fimm eða sex á daginn svo að fólk geti sest þar inn eftir eril dagsins og átt þar helgistund, eða beðið með öðrum þegar svo ber undir. Því er kirkjan ekki alltaf opin? Hvers vegna þarf fólk úr íslensku þjóðkirkjunni að fara í kaþólsku kirkjuna ef það vill eiga stund í guðshúsi utan hefðbundins messutíma?

Kirkjan gegnir mörgum félagslegum skyldum og ýmsir, bæði innan hennar og utan, virðast fyrst og fremst líta á hana sem einhvers konar félagsmálastofnun. Umræðan um leiðir til að laða fólk að kirkjunni er ótrúlega mikið bundin við safnaðarheimili og ytri aðstæður. Auðvitað er í alla staði eðlilegt að kirkjan þurfi húsnæði undir starfsemi sína, en eins og ég hef einhverntíma áður skrifað: Menn mega ekki verða svo uppteknir af umbúðunum að þeir gleymi hvað þær eru utan um. Íslenska kirkjan er ekki í húsnæðishraki, en spyrja má hvort bænin, hin raunverulega bæn, ekki utanaðlærðar þulur, hafi kannski sums staðar lent í hrakningum. Væri ekki ráð að leiða hana til öndvegis í kirkjunni, ekki aðeins um helgar, heldur hvern einasta dag?

JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR